



Samtök verslunar og þjónustu
Federation of Trade & Services

Fréttatilkynning

4. febrúar 2008

Lyf 7,5% ódýrari út úr apótekum á Íslandi en í Danmörku

Tuttugu kostnaðarsömustu lyfin á Íslandi sem seld eru út úr apótekum eru að meðaltali 7,5% ódýrari á Íslandi en í Danmörku, samkvæmt verðkönnun sem lyfsalahópur SVP, Samtaka verslunar og þjónustu, gerði þann 1. febrúar sl.

Með kostnaðarsömustu lyfjunum er átt við þau lyf sem apótekin selja mest af í verðmætum talið og stofna jafnframt til mestra útgjalda hjá sjúklingum og Tryggingastofnun ríkisins.

Lyfjaverð á Íslandi, heildsöluverð jafnt sem smásöluverð, er ákveðið af ríkinu. Við ákvörðun þess hefur verið miðað við meðalverð viðkomandi lyfs á öðrum Norðurlöndum. Síðustu misseri hefur verið nokkur umræða um hátt lyfjaverð á Íslandi, sérstaklega í samanburði við Danmörku. Við samanburð á verði 20 kostnaðarsömustu lyfjanna í apótekum í Danmörku og á Íslandi í meðfylgjandi töflu má sjá að þau eru að meðaltali 7,5% ódýrari hér á landi en í Danmörku. Til viðbótar veita íslensk apótek mismunandi afslátt frá opinberu verði vegna samkeppni þeirra á milli en í Danmörku er bannað að veita afslátt af lyfseðilsskyldum lyfjum þannig að munurinn er að lágmarki þessi 7,5%. Þess ber þó að geta að einstök lyf eru mun dýrari hér og önnur mun ódýrari, auk þess sem gengismunur á hverjum tíma hefur áhrif. Sem dæmi má nefna að daginn sem verðsamanburðurinn var gerður kostuðu 30 töflur af Casodex, hormónalyfi sem er algengt í krabbameinsmeðferð, sem svarar 56.672 kr. í Danmörku en 48.514 kr. á Íslandi. Þar er verðmunurinn 8.158 kr. íslenskum apótekum í vil. Aftur á móti kostuðu 98 töflur af Simvastatin, lyfi sem er blóðfitulækkandi, sem svarar 604 kr. í Danmörku en 4.239 kr. á Íslandi. Þær eru með öðrum orðum 3.635 kr. dýrari hér en í Danmörku.

Verðsamanburðurinn er gerður út frá upplýsingum á vefsíðu Lægemiddelstyrelsen í Danmörku; www.medicinpriser.dk, og vefsíðu lyfjagreiðslunefndar á Íslandi; www.lgn.is. Lyfsalahópurinn mun halda samanburðinum áfram og birta verðkannanir á tveggja mánaða fresti á vef SVP, www.svth.is, í von um að þær megi verða málefnalegt innlegg í umræðuna um lyfjaverð hér á landi í samanburði við verð í helstu samanburðarlöndum.

Tafla: 20 kostnaðarsömustu lyfin í Danmörku og á Íslandi 1. febrúar 2008.

Nánari upplýsingar veita:

Þórbergur Egilsson, formaður lyfsalahóps SVP, í farsíma 693 2225.

Þorvaldur Árnason, fulltrúi lyfjasmásala í lyfjagreiðslunefnd, í síma 577 1157 eða farsíma 894 5252.

SVP - Samtök verslunar og þjónustu - eru málsvari verslunar- og þjónustugreina á Íslandi. Meira en 400 fyrirtæki í öllum landshlutum eru aðilar að samtökunum. Þar á meðal eru ýmis af stærstu fyrirtækjum landsins, en þorri aðildarfyrirtækja eru smáfyrirtæki. Verslun og þjónusta eru nánasti hlekkur þjónustukeðjunnar við hina 300 þúsund neytendur í landinu auk álíka margra ferðamanna sem sækja landið heim árlega. Það vinna yfir 21 þúsund manns í versluninni og 90 þúsund í þjónustu, þar af helmingur í opinberri þjónustu. Framlag verslunar til landsframleiðslu eru 12% en þjónustu 55%, þar af er hlutur opinberrar þjónustu 36%.

SVP – Samtök verslunar og þjónustu – Borgartúni 35, IS 105 Reykjavík
Sími: 511 3000 – farsími 822 1201 – netfang: svth@svth.is – www.svth.is